



*Skólasel*  
*Grunnskólinn í Sandgerði*

---

**Vöxtur - Virðing - Vilji - Vinátta**

Skólasel  
Grunnskólinn í Sandgerði  
Skólastræti  
245 Sandgerði

Sími: Skólasel 420-7560 Grunnskólinn 420-7550  
Tölvupóstur: heida@sandgerdisskoli.is  
grunnskoli@sandgerdisskoli.is



*Grunnskólinn í*  
*Sandgerði*

---

**Vöxtur - Virðing - Vilji - Vinátta**



**Velkomin á Skólasel**

*Grunnskólinn í Sandgerði* 420-7550  
*Skólasel* 420-7560

Skólasel býður upp á samfelldan dag fyrir nemendur í 1.– 4. bekk að loknum skóladegi eða frá kl. 13.25-16.00 mánudaga til fimmtudaga og kl. 13.25-15.00 á föstudögum.

Boðið er upp á ávexti og grænmeti alla daga og síðdegishressingu mánudaga til fimmtudaga.

Skólasel er lokað í jóla- og páskafríum og á starfsdögum skóla.

Á samskiptadögum er Skólasel opið frá kl.8:15 -16:00. Á tilbreytingardögum opnar Skólasel jafnan um leið og skóla lýkur, það er auglýst sérstaklega hverju sinni.

Foreldrar þurfa að láta starfsmenn Skólasels vita hvort barnið muni nýta sér vistun á óhefðbundnum dögum.

### **Kostnaðarhlutur foreldra**

Fullt gjald er kr. 13.310.- á mánuði með síðdegishressingu.

(vistun kr. 10.000.- og hressing kr. 3.310.-)

Hálft gjald kr. 6.655.- með síðdegishressingu.

(vistun kr. 5.000.- og hressing kr. 1.655.-)

Veittur er 30% systkinaafsláttur við annað barn og 100% afsláttur af tímagjaldi við fleiri börn.

Einstæðir foreldrar fá 25% afslátt af vistunargjaldi

Greitt er fyrir gæsluna fyrirfram og sér Bæjarskrifstofa Suðursesjabæjar um innheimtuna. Hafi greiðsla ekki borist hálfum mánuði eftir gjalddaga getur barn ekki haldið áfram á Skólaseli.

**Starfsmenn Skólasels eru:  
Heiða Rafndóttir umsjónamaður, Friðbjörg Ósk Arnbergdóttir,  
Erla Sigurjónsdóttir, Margrét Rósa Ægisdóttir.**

Nauðsynlegt er að tilkynna forföll, leyfi og veikindi til starfsmanna Skólasels eða hjá ritara Grunnskólans

Boðið er upp á fulla vistun sem miðast að jafnaði við alla virka daga mánaðar og hálfra vistun sem miðast við 6 klst. á viku. Ef foreldrar hyggjast hætta að nota Skólaselið eða koma inn með ný börn þarf að láta vita af því með tveggja vikna fyrirvara. Umsóknareyðublöð liggja hjá ritara skólans, á heimasíðu skólans [www.sandgerdisskoli.is](http://www.sandgerdisskoli.is) og á bæjarskrifstofu Sandgerðisbæjar.

Á Skólaseli er skipulögð dagskrá þar sem hugað er að frjálsum leik, listum, hreyfingu og næringu. Starfsfólk skólans vinnur eftir hugmyndafræði Uppbyggingarstefnunnar (e. Restitution).

Í valinu er ýmislegt í boði eins og listastofa, spil, púsl, leir, útivera, leikstofa, kubbar, perlur, lestrarkósý. Einu sinni í viku er boðið upp á bókasafn, tölvustofu og íþróttahús í litla salnum og á föstudögum förum við öll saman að sprella í stóra salnum í Íþróttahúsinu.

Ef barnið sækir æfingar innan tíma Skólasels, þarf að láta starfsfólk Skólasels eða ritara Grunnskólans vita.

### **Dagskrá**

kl. 13:25	Mæting
Kl. 13:50	Val
Kl. 13:50 - 14:30	Kaffi
Kl. 13:50 - 15:30/15:50	Val
15:30-16:00	Róleg stund